



Leikskólinn Vinaminni
Asparfelli 10-12
s: 587-0977
vinaminni@vinaminni.is
www.vinaminni.is

Reglur um leikskólalþjónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskólann Vinaminni og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólanum. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á.

Innritun – opnunartími

Umsókn og innritun

Leikskólinn Vinaminni er sjálfstæður leikskóli með börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og er með rekstrarleyfi og samning við Reykjavíkurborg varðandi framlag og innritun barna í leikskóla.

Umsókn fer fram í gegnum rafræna skráningarkerfið Völu – umsokn.vala.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl frá Leikskólastjóra Vinaminni með því að senda póst á vinaminni@vinaminni.is eða hafa samband í síma 587-0977.

Sækja má um leikskólaláss frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn birtast á biðlista við 6 mánaða aldur. Foreldrar þurfa að sækja um að lágmarki tvo leikskóla og að hámarki sjö fyrir barn sitt. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur er heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 virka daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi. Ekki er unnt að gera breytingar á umsóknum á þessu tímabili.

Ákvörðun um fjölda barna í leikskólanum Vinaminni tekur mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps, húsnæðis og umfangi sérfræðilþjónustu.

Börnum er úthlutað leikskólalássi inn á deildir eftir aldri, elsta barnið fyrst, til samræmis við aldursviðmið viðkomandi deildar og ákvörðun um fjölda barna í leikskólanum.

Losni leikskólaláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild.

Barn sem á systkin í Vinaminni nýtur systkinatillits vegna systkinis með sömu lögheimilistengsl svo framarlega að því barni sem er fyrir framan það á biðlista býðst rými í einum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið.

Skilyrði systkinatillits eru þessi: 3

- a) Systkinatillit kemur til greina þegar eitt laust pláss er eftir í leikskóla eldra systkinis.
- b) Eldra barnið/systkinið eigi eftir að minnsta kosti sex mánuði af leikskólagöngu sinni eða sé ekki að flytja í annan leikskóla þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum.
- c) Foreldrar hafi valið leikskóla eldra systkinis fyrir yngra barnið í fyrsta vali.
- d) Eldra systkinið sé nú þegar með virka vistun í leikskólanum sem um ræðir.
- e) Yngra barnið sé á innritunardri hverju sinni.
- f) Búið sé að bjóða eldra barni á biðlistanum pláss í einhverjum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið.

Til að auka möguleika á sameiningu systkina í leikskóla er að uppfylltum framangreindum skilyrðum heimilt í aðalinnritun sem fram fer að vori vegna boðs um leikskóla að hausti, sjá 7. mgr. í gr. 1.a í reglunum, að bjóða foreldrum barns sem á systkini á umsóknarleikskóla pláss á grundvelli systkinasameiningar, ef það er allt að númer fjögur á biðlista, ef unnt er að bjóða börnunum þremur sem fyrir ofan það eru á biðlista pláss í leikskóla sem foreldrar hafa valið.

Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskólans Vinaminni er frá kl. 07:30 til 16:30. Ekki er hægt að skrá börn í dvöl seinna en kl. 08:45 að morgni. Dvalartími barna getur verið mismunandi eftir dögum, frá sex til að hámarki níu klukkustundum daglega en þó að lágmarki 30 klukkustundir og að hámarki 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra. Leikskólinn er gjaldfrjálss ef dvalarstundir eru 36 klukkustundir eða færri á viku en greitt er fæðisgjald og Vinaminnisgjald, sjá nánar í kaflanum Gjaldtaka.

Leikskólinn Vinaminni er lokaður tvo daga á ári vegna skipulagsbreytinga. Einn dagur í upphafi skólaárs og einn dagur í mars. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólinn Vinaminni er lokaður á aðfangadag og gamlársgjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólinn Vinaminni er að jafnaði lokaður í júlí ár hvert.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé á Íslandi og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum vegna leikskólagjalda.

Úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst – september. Úthlutun leikskólaplássa fer einkum fram á tímabilinu mars-júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert.

Börnum er úthlutað leikskólaplássi inn á deildir eftir aldri, elsta barnið fyrst, til samræmis við aldursviðmið viðkomandi deildar og ákvörðun um fjölda barna í leikskólanum. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskólann og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl hefst gerir leikskólinn Vinaminn og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskólans og reglur um leikskólalábjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum umsokn.vala.is. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

Gjaldtaka

Sveitarfélög greiða að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólanum Vinaminni. Leikskólagjöld samanstanda af námsgjaldi, fæðisgjaldi og Vinaminnisgjaldi. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Ekkert námsgjald er greitt ef barn er skráð í 36 klukkustundir eða færri á viku í leikskólanum.

Fjárhægð námsgjalds, fæðisgjalds, Vinaminnisgjalds og afslátta á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá leikskólans Vinaminni eins og hún er birt á heimasíðu leiksólans, www.vinaminni.is.

Leikskólagjöld í Vinaminni eru að almennt 15% hærri en leikskólagjöld í Reykjavík þar sem framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt starfandi leikskóla er 15% lægri en til borgarrekinn leikskóla. Leikskólagjöld eru 45% hærri fyrir börn yngri en 18 mánaða vegna sömu ástæðna.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Gjaldskráin er sett í samræmi við gjaldskrá sveitarfélaga og getur breyst án fyrirvara.

Almennt er horft til þess að leikskólagjöld fyrir börn búsett í öðru sveitarfélagi en Reykjavík, eru í samræmi við gjöld og afslætti í lögheimilissveitarfélagi þess þar sem lögheimilissveitarfélag barns veitir niðurgreiðslu vegna skólagöngu þess í leikskóla.

Leikskólinn Vinaminni er lokaður tvo daga á ári vegna skipulagsdaga. Einn dagur í upphafi skólaárs og einn dagur í mars. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólinn Vinaminni er lokaður á aðfangadag og gamlársgjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólagjöld eru innheimt 11 mánuði á ári. Ekki eru innheimt leikskólagjöld þann mánuð sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.

Afslættir af leikskólagjöldum

Afsláttur er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla. Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris sem greiðir gjöldin.

Afsláttur er ekki veittur afturvirk og miðast hann við dagsetningu umsóknar í Völu og þann dag sem öllum skilyrðum er fullnægt ef svo er ekki á umsóknardegi.

Afslættir leggjast ekki saman. Afsláttur er veittur sem leiðir til mestrar lækkunar gjalda.

Afsláttur sem er veittur á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Tekjutengdur afsláttur

Veittur er afsláttur af námsgjaldi til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt viðkomandi sveitarfélags sem barn á lögheimili í. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda eða Vinaminnisgjalda.

Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leiksólanum er veittur 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald og Vinaminnisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.

Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutnarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Leikskólagjöld eru greidd með kröfu í heimabanka.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 6 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.

Ef barn fer í sumarfrí á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert. Leikskólinn er að jafnaði lokaður í júlí ár hvert.

Innheimtuferill vegna vanskila

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra

Leikskólinn Vinaminni áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 60 dögum frá gjalddaga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Hægt er að fá uppsögn frestað sé gert greiðslusamkomulag.

Reglur þessar um leikskólalátnustu í leikskólanum Vinaminni taka gildi 1. júlí 2026